

34. gr.

103

Reglugerð fyrir vélstjóráskólann í Reykjavík, dags. 1. sept. 1916, reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir vélstjóráskólann í Reykjavík, dags. 29. sept. 1933, og reglugerð fyrir rafmagnsdeild vélstjóráskólans í Reykjavík, dags. 30. sept. 1935, eru hér með úr gildi numdar.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

104

um mótornámsskeið.

29. sept.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 71, 23. júní 1936, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um mótornámsskeið Fiskifélags Íslands.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námsskeiðanna er að búa nemendur undir hið minna og meira mótórvélstjóraþróf Fiskifélags Íslands. Fiskifélag Íslands ræður mótórfraeðikennara til þess að kenna mótórfraeði við námsskeiðið og veita því forstöðu.

2. gr.

1. Inntökuskilyrði á hið minna námsskeið skulu vera þessi:
 - a. Að nemandinn sé 18 ára að aldri,
 - b. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans,
 - c. að hann hafi óskert mannorð,
 - d. að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði á hið meira námsskeið skulu vera þessi:
 - a. Að nemandinn hafi staðizt hið minna námsskeiðspróf Fiskifélagsins eða inntökupróf í íslenzku og reikningi, sem jafngildi kröfum þeim, sem gerðar eru til hins minna námsskeiðsprófs í þessum greinum,
 - b. að hann hafi eftir 16 ára aldur unnið tvö ár á vélaverkstæði, sem réttindi

104
29. sept.

- hefir til að kenna þá iðn, eða siglt sem 1. vélstjóri á mótorskipi með meira en 50 hestafla vél 24 mánuði, áður en lög þessi öðlast gildi,
- c. að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
 - d. að hann hafi óskert mannorð,
 - e. að hann kunni sund.

3. gr.

Beiðni um inntöku á námsskeiðið skal senda Fiskifélagi Íslands eða umboðsmanni þess á þeim stað, sem námsskeið á að halda, eigi síðar en hálfum mánuði áður en námsskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandi uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 2. gr., að undanskildu inntökuprófi.

4. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. desember, öskudagurinn og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, gefur forstöðumaður námsskeiðsins veitt eins dags leyfi.

5. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi, áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námsskeiðsins það.
Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútunum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofunum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjótí lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólaveri hans teljist skaðleg fyrir námsskeiðið

eða aðra lærisveina námskeiðsins eða gagnslaust fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námskeiðinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið samþykki Fiskifélags Íslands. **104**
29. sept.

6. gr.

Forstöðumaður námskeiðsins hefir á hendi alla umsjón með því; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegum á því, sem til námskeiðsins þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur Fiskifélag Íslands til, en lærisveinar skulu kosta sjálfir bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið. Við kennsluna skal nota þær kennslubækur, sem forstöðumaður námskeiðsins ákveður í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Hið minna námskeið skal standa yfir minnst 9 vikur, en hið meira minnst 4 mánuði, og skulu kennslustundir vera á viku, sem hér segir, minnst:

Námsskeið	Minna námskeið	Meira námskeið
Íslenzka	3	5
Stærðfræði	3	4
Eðlisfræði	3	3
Bókleg mótfræði	9	12
Verkleg mótfræði	12	10
Samtals	30	34

Auk þess eru lærisveinar skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði, öryggisráðstöfunum og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur með 10 mínútna hléi í milli hverra samliggjandi kennslustunda. Miðdegisverður skal haldinn frá kl. 11,50 til kl. 13,10.

8. gr.

Að afloknu prófi skal forstöðumaður námskeiðsins senda Fiskifélagi Íslands greinilegar skýrslur um kennsluna og prófið; skal í þær rita nöfn, fæðingarstað og dag og ár þeirra lærisveina, er sótt hafa námskeiðið og próf taka, einkunnir þeirra og hin skriflegu úrlausnarefni. Skal prófnefnd undirskrifa prófskýrsluna.

II. KAFLI

Um prófið.

9. gr.

Mótorvélstjórpróf skulu haldin að afloknu námskeiðinu. Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til kennslumálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar.

- 104 Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á náms-
29. sept. skeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

10. gr.

Prófin eru bæði munnleg, skrifleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námsskeiðsins og tveir aðrir; skal annar þeirra hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námsskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður, sem æfingu hefir í mótörviðgerðum. Einn hinna ofangreindu prófdómanda, þó ekki forstöðumaður námsskeiðsins, skal vera oddviti prófnefndar.

11. gr.

Til hins minna námsskeiðsprófs þarf:

1. Í islenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt.
2. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstimælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
4. Í mótörfræði: Þekking á mótörvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn, þekking á sundurliðum mótörvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stilling, þekking á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær, þekking á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldsneytiseyðslu og raftækjum lítilla mótorskipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.

Til hins meira námsskeiðsprófs þarf:

1. Í islenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum 4 reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, þekking á einfaldri þriliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar; ennfremur í rúmmálsfræði, að geta reiknað út ferstrending og sivalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, úþpenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu. Þekking á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; ennfremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótörfræði: Fyllri þekking á því, sem til hins minna námsskeiðsprófs er

heimtað, og auk þess: Þekking á aflmælislinum og einföldum niðurstöðum, **104**
 sem af þeim má draga, blöndun hleðslunnar og brennslu eldsneytisins. 29. sept.
 Þekking á helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnspétt hólf, hjálpar-
 vélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósvélum, vindum, slökkvitækjum o. s. frv.,
 og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa. Enn fremur að geta
 framkvæmt minni háttar viðgerðir á mótorum og hjálpartækjum þeirra.
 Þekking á meðferð eimkatla með tilliti til hjálparkatla í mótorskipum.

12. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu hin verklegu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni; þau skulu jafnmörg og prófsveinar eru, og dregur hver sitt. Verkefni við gangtruflanapróf séu tölusett á skrá hjá prófnefnd, og skulu vera tveim fleiri en prófsveinar eru, og dregur hver prófsveinn miða með einhverri þeirri tölu, sem á skránni er. Skrifleg úrlausnar-efni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir sama próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða, er séu tveim fleiri en prófsveinar eru, og dregur prófsveinn einn miða, um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu og verklegu úrlausnarefnum má taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Við hið verklega próf mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófnefnd, kennari og sá prófsveinn, sem verið er að prófa. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

13. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúð sér til eftirlitsmanna. Nú álitur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verk-efni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta, og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini. Ef prófsveinn hefir aldrei séð vélartegund þá, sem hann á að taka prófið á, má leyfa honum að athuga vélina í gangi 1 klst., áður en próf byrjar.

14. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis vikja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp eða að hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitid, að hann hafi ekki staðizt prófið.

104 Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðar með læknis-
29. sept. vottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal álitíð, sem hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefir, meðan prófið stendur yfir.

15. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmi-lega við prófið, getur oddviti rekið hann frá prófi.

16. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar frá 0 til 8 með þriðjungs milli-einkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi-stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðal-talinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

17. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8.

1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7.

2. einkunn betri telst meðaleinkunnin 5—6.

2. einkunn lakari telst meðaleinkunnin 4—5.

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er meðal-einkunnin 4.

18. gr.

Við hið minna mótórvéltjórpróf skulu gefnar 6 einkunnir:

Í íslenzku 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.

Í stærðfræði 1 eink. fyrir 1 skriflega úrlausn.

Í eðlisfræði 1 eink. fyrir 1 munnl. úrlausn.

Í mótórfraði 3 einkunnir fyrir 1 skriflega, 1 munnlega og 1 verklega úrlausn, er skal fólgin í því að finna gangtruflun og leiðréttu hana, setja í gang og hirða í gangi.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 48 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 24 stig og í samanlagðri mótórfraði meðaleinkunnina 3.

19. gr.

Við hið meira mótórvéltjórpróf skulu gefnar 11 einkunnir:

Í íslenzku 2 eink. fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn.

Í stærðfræði 2 eink. fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn.

Í eðlisfræði 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn.

Í mótórfræði 6 eink. fyrir 2 skrifl., 2 munnlegar og 2 verklegar úrlausnir.

Hin verklegu úrlausnarefni skulu vera:

1. Að lagfæra gangtruflun á háþrýstivél, tveggja stokka eða fleiri, setja hana í gang, hirða í gangi með álagi, stöðva og ganga frá eftir notkun.
Gangtruflanir þær, sem lagfæra skal, séu fólgnar í innstillingu vélarinnar, oliugjöf, skolun og þjöppun, ræsingu o. s. frv.
2. a. Tinhýða leg (t. d. sveifarleg), steypa í það hvítmálm, fella það á völinn, án þess að það hafi verið rennt, setja í það nauðsynlegar oliúrasir og ganga frá því mátulega þröngu.
- b. Slípa ræsiloka og eldsneytisloka og ganga frá þeim þéttum. Fella fleyg í spor.
- c. Fella sveifarás í að minnsta kosti 3 leg, steipt og rennd á verkstæði, eða gömul, ganga frá legum og ás, svo að fullgert sé til notkunar.
- d. Beygja pípu úr eir eða stáli minnst 25 mm eftir ákveðnu máli. Sýna kunnáttu sína í að sverfa og saga.
- e. Skera sundur að minnsta kosti 3 bulluhringa og fella þá í strokk og bullu, sverfa slitbrúnir af og slípa loka í kælivatnsdælu eða austurdælu og fella saman bandið.
- f. Sverfa upp nýjan eða brunninn lóðbolta, tina hann og tinlóða hluti zinkvarða eða ózinkvarða. Harðlóða saman eir eða látún (t. d. látúnsstút eða kraga á eimpípu) með venjulegum blásturslampa.
- g. Gera eitthvað annað þessu hliðstætt, sem prófnefnd álitur, að sýni eins mikla kunnáttu prófsveins. Prófsveinn getur ekki krafizt neins sérstaks verkefnis.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 88 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 44 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3 og í samanlagðri mótórfræði meðaleinkunnina 3.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefir prófið, fær að loknu prófi prófskirteini eftir þessari fyrirmynd:

Nr.

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.
fæddur

hefir staðizt hið minna mótórvéltjórpróf við mótornámsskeið Fiskifélags Íslands og hlotið þær einkunnir, er hér segir:

104
29. sept.

Íslenzka	1 eink.	stig
Stærðfræði	1 —	—
Eðlisfræði	1 —	—
Mótorfræði	3 —	—

Aðaleinkunn 6 eink. stig

Meðaleinkunn, sem er

..... einkunn

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið, þarf minnst 24 stig, í mótorfræði minnst meðal-einkunnina 3. Hæsta aðaleinkunn er 48 stig.

Nr.

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.
fæddur

hefir staðizt hið meira mótorvélstjórapróf við mótornámsskeið Fiskifélags Íslands og hlotið þær einkunnir, er hér segir:

Íslenzka	2 eink.	stig
Stærðfræði	2 —	—
Eðlisfræði	1 —	—
Mótorfræði	6 —	—

Aðaleinkunn 11 eink. stig

Meðaleinkunn, sem er

..... einkunn

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið þarf minnst í aðaleinkunn 44 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3, í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3. Hæsta aðal-einkunn er 88 stig.

21. gr.

Að afloknu prófinu skrifar prófnefnd skýrslu um prófið með nöfnum prófsveina, fæðingardeg og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Í prófbókina skal einnig færa skýrslur þær, sem sendar eru Fiskifélagi Íslands frá námsskeiðum, sem haldin eru utan Reykjavíkur, jafnóðum og þær berast fiskifélaginu.

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en afrit af henni skal senda atvinnumálaráðuneytinu. 104
29. sept.

22. gr.

Glati mótörvélstjóri prófskirteini sínu, á hann rétt til að fá afrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

23. gr.

Reglugerð fyrir námsskeið Fiskifélags Íslands, 25. nóv. 1924, og reglugerð um vélgæzlupróf á islenzkum mótorskipum, 16. apríl 1935, eru hér með úr gildi numdar.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

105
12. okt.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 69, 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau er sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Enginn má flytja til landsins eða verzla innanlands með neins konar skotvopn, sprengjur eða skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi dómsmálaráðherra, sem í leyfinu setur nánari reglur um innflutning, meðferð og afhendingu varanna og skilyrði fyrir leyfinu, eftir því sem þörf þykir.

Engum einstaklingi má selja eða afhenda slík tæki eða efni, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 3. gr. til þess að eiga slíkt eða hafa í vörzlum sínum.

2. gr.

Álagningu á vörur þessar ákveður fjármálaráðherra fyrir tiltekið tímabil í einu, og skal við álagninguna taka tillit til þess, til hvers varan er notuð, þannig, að álagningin sé þeim mun minni, sem varan getur talizt hafa almennara notagildi.